Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

# Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

# Ársreikningur 2009


Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
Strandgötu 3
600 Akureyri

kt. 510169-3799

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 2
Áritun óháðs endurskoðanda ........ 3
Áritun tryggingastærðfræðings ........ 4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris ........ 5
Efnahagsreikningur ........ 6
Sjóðstreymisyfirlit ........ 7
Skýringar ........ 8
Kennitölur ........ 12

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyarbæjar er tryggingsjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Alls greiddu 173 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 18 á árinu. Iðgjöld námu samtals 206,6 milljónum króna og hækkuð um 10,1% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 166.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 350,3 milljónum króna og hækkuðu um 13,4% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþegar var 374 og hefur þeim fjölgað um 29 frá fyrra ári.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 7.378 milljónum króna og hækkaði um 9,8% frá fyrra ári.

---

Þrátt fyrir að árið 2009 hafi einkennst af efnahagssamdrætti og harkalegri aðlögun eftir efnahagshrunið haustið 2008 þá gekk rekstur sjóðsins vel á árinu. Varfærin stefna þar sem fjárfestingar eru að stærstum hluta í ríkistryggðum verðbréfum gaf góða ávöxtun á árinu. Sjóðurinn þurfti hins vegar að auka sértæka niðurfærslu vegna markaðsskuldabréfa á árinu um 67,6 milljónir króna og nema sértækar niðurfærslur í árslok 239,2 milljónum króna. Þetta þurfti að gera þrátt fyrir að mat á verðbréfaeign sjóðsins í lok árs 2008 hafi verið varfærið og skuldabréf í eigu sjóðsins niðurfærð.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 12,04% og hrein raunávöxtun var 3,13% samanborið við 15,7% nafnávöxtun og 0,56% neikvæða raunávöxtun á árinu 2008. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 4,68% og 4,31% s.l. 10 ár.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2009. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins 11.476,3 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs kr. 8.133,5 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 3.342,8 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 70,9% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 4.407,3 miljónir króna eða sem nemur 33,6% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 474,5 milljón króna á árinu.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Akureyri, 3. mars 2010

Stjórn:

Hermann Jón Tómasson
Stjórnarformaður

Arna Jakobína Björnsdóttir

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Oddur Helgi Halldórsson

Hanna Rósa Sveinsdóttir

Kári Arnór Kárason
Framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 3. mars 2010

***KPMG hf.***

# Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2009. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur áranna 2004-2008 og 2,0% vexti p.a. umfram laun.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 15.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2009. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2009. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda-bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.

Reykjavík, 3. mars 2010

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2009

| | Skýringar | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 21.609 | 20.423 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 184.985 | 168.779 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 0 | ( 1.572) |
| *Iðgjöld* | 3 | 206.594 | 187.630 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 4 | 350.294 | 308.905 |
| *Lífeyrir* | | 350.294 | 308.905 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 0 | ( 5.782) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 5 | 886.373 | 1.124.046 |
| Breyting niðurfærsla verðbréfa | 10 | ( 68.177) | ( 178.443) |
| *Fjárfestingartekjur* | | 818.196 | 939.821 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 4.825 | 4.840 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 13.089 | 14.199 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 656.582 | 799.507 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 6.721.325 | 5.921.818 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 7.377.908 | 6.721.325 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| Eignir | Skýringar | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2,8 | 141.712 | 79.964 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2,9 | 6.414.527 | 5.435.469 |
| Veðlán | 9 | 54.065 | 55.612 |
| *Fjárfestingar* | | 6.610.304 | 5.571.045 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 29.433 | 24.863 |
| *Kröfur* | | 29.433 | 24.863 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 948.512 | 1.308.872 |
| *Aðrar eignir* | | 948.512 | 1.308.872 |
| **Eignir samtals** | | 7.588.249 | 6.904.780 |
| **Skuldir** | 11 | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 201.006 | 182.769 |
| Aðrar skuldir | | 9.336 | 685 |
| *Skuldir* | | 210.341 | 183.454 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 7.377.908 | 6.721.325 |
| **Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum** | 15 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2009

| | Skýringar | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 206.594 | 187.630 |
| Fjárfestingartekjur | | 472.022 | 477.224 |
| Afborganir verðbréfa | | 433.025 | 135.199 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 35.000 | 2.688.372 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 585.365 | 19.000 |
| Aðrar inngreiðslur | | 22.317 | 167.188 |
| | | 1.754.323 | 3.674.613 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 350.294 | 308.905 |
| Fjárfestingargjöld | | 4.825 | 4.840 |
| Aðrar útgreiðslur | | 13.089 | 14.199 |
| | | 368.208 | 327.944 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 1.386.115 | 3.346.669 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 100.000 | 1.421.597 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 1.640.475 | 686.529 |
| Ný veðlán | | 6.000 | 4.000 |
| | | 1.746.475 | 2.112.126 |
| **(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánum** | | ( 360.359) | 1.234.543 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | 1.308.871 | 74.328 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | | 948.512 | 1.308.871 |

# Skýringar

## Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1. Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### 2. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast skammtímabréf verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur sérstök áhætta verið metin jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

### 3. Iðgjöld

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Iðgjöld sjóðfélaga | 21.609 | 20.423 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 41.889 | 42.027 |
| Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur | 143.096 | 126.753 |
| Réttindaflutningar | 0 | ( 1.572) |
| Iðgjöld samtals | 206.594 | 187.630 |

### 4. Lífeyrir

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 271.551 | 239.007 |
| Örorkulífeyrir | 15.517 | 15.095 |
| Makalífeyrir | 63.084 | 54.437 |
| Barnalífeyrir | 142 | 366 |
| Lífeyrir samtals | 350.294 | 308.905 |

### 5. Fjárfestingartekjur

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Tekjur af innlendum hlutabréfum | 0 | ( 5.782) |
| Tekjur af innlendum hlutdeildarskírteinum | ( 42.179) | ( 55.548) |
| Tekjur af erlendur hlutabréfasjóðum | 0 | 34.340 |
| Tekjur af skuldabréfasjóðum | 3.757 | 20 |
| Tekjur af peningamarkaðssjóðum | ( 19.667) | ( 32.254) |
| Tekjur af markaðsverðbréfum | 780.885 | 964.762 |
| Tekjur af veðskuldabréfum | 6.526 | 11.683 |
| Tekjur af erlendum skuldbréfum | 3.539 | ( 26.550) |
| Tekjur af bankainnstæðum | 171.748 | 387.990 |
| Tap af gengisvörnum | ( 18.236) | ( 160.397) |
| Vaxtatekjur og gengismunur samtals | 886.373 | 1.118.264 |
| Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar | ( 68.177) | ( 178.443) |
| Fjárfestingartekjur samtals | 818.196 | 939.821 |

# Skýringar

## 6. Fjárfestingargjöld

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Hlutdeild í rekstrarkostnaði | 4.825 | 4.840 |
| | 4.825 | 4.840 |

## 7. Rekstarkostnaður

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun og launatengd gjöld | 444 | 457 |
| Rekstrarþóknun | 14.474 | 14.519 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.996 | 4.063 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 17.914 | 19.039 |
| Fært á fjárfestingargjöld | ( 4.825) | ( 4.840) |
| | 13.089 | 14.199 |

## 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| **Innlend verðbréfaeign:** | | |
| Peningamarkaðssjóðir | 46.247 | 79.964 |
| Skuldabréfasjóður | 95.465 | 0 |
| Samtals | 141.712 | 79.964 |

## 9. Verðbréf með föstum tekjum

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| **Markaðsbréf:** | | |
| Ríkisbréf | 4.915.080 | 3.965.916 |
| Önnur innlend markaðsskuldabréf | 1.728.595 | 1.595.931 |
| Erlend skuldabréf | 24.920 | 59.441 |
| Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur | ( 254.068) | ( 185.820) |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 6.414.527 | 5.435.468 |
| **Veðskuldabréf:** | | |
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 54.722 | 56.340 |
| Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur | ( 657) | ( 728) |
| Veðskuldabréf samtals | 54.065 | 55.612 |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 6.468.592 | 5.491.080 |
| Niðurfærsla verðbréfa í heild | ( 254.725) | ( 186.548) |

Af skráðum skuldabréfum, þar sem kaupverð lá fyrir í Kauphöll Íslands í árslok, var markaðsverð þeirra 31 mkr. hærra en bókfært verð. Verðbréf sjóðsins eru í ISK nema erlent skuldabréf sem er í USD.

# Skýringar

## 10. Niðurfærsla verðbréfa

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1. | 186.548 | 8.105 |
| Breyting á almennri niðurfærslu | 579 | 6.867 |
| Sértæk niðurfærsla á árinu | 67.598 | 171.576 |
| Niðurfærsla 31.12. | 254.725 | 186.548 |

## 11. Skuldir

| | | |
|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir:** | | |
| Staða skiptasamninga | 201.006 | 182.769 |
| | 201.006 | 182.769 |
| **Aðrar skuldir:** | | |
| Ógreiddur kostnaður | 9.336 | 685 |
| | 9.336 | 685 |
| Samtals | 210.341 | 183.454 |

## 12. Gjaldmiðlaáhætta og afleiðusamningar

Til að draga úr gengisáhættu gerði sjóðurinn afleiðusamninga við gömlu viðskiptabankana, fyrir hrun bankakerfisins. Þessir samningar voru hluti af samningi við viðkomandi banka um stýringu á gjaldeyrisáhættu fyrir sjóðinn. Við fall bankanna kom upp óvissa um þessa samninga þ.e., hvort forsendur þeirra hafi brostið og þá hvenær, hvort bæri að ógilda þá og víkja þeim frá, eða hvort þeir héldu gildi sínu, fram til umsamins gjalddaga, þrátt fyrir þrot bankanna. Veruleg óvissa hefur ríkt um verðmæti saminganna og hvort greiðsluskylda vegna þeirra sé fyrir hendi hjá sjóðnum. Samningaviðræður hafa staðið yfir milli aðila, með hléum, frá því í nóvember 2008, en þær hafa ekki skilað árangri. Náist ekki samkomulag um þetta efni er líklegt að það komi fyrir íslenska dómstóla til úrskurðar. Verði niðurstaðan sú að sjóðurinn þurfi að gera samningana upp að fullu miðað við ítrustu kröfu bankanna þá versnar staða sjóðsins um 30 milljónir króna.

Í byrjun október 2008 var staða þessara samninga neikvæð um 183 milljónir króna og var sú tala færð í ársreikninginn 2008. Vextir hafa verið reiknaðir á stöðuna og er staða samninga nú 201 milljón króna færð í ársreikninginn.

## 13. Aðrar upplýsingar

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð og hefur enga starfsmenn á launaskrá og hefur ekki veitt framkvæmdastjóra né stjórnarmönnum lán eða ábyrgðir.

Launagreiðslur til stjórnarmanna á árinu greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Arna Jakobína Björnsdóttir | 65 |
| Hanna Rósa Sveinsdóttir | 65 |
| Hermann Jón Tómasson | 65 |
| Oddur Helgi Halldórsson | 65 |
| Sigrún Björk Jakobsdóttir | 130 |
| Samtals | 390 |

Greiðslur til endurskoðenda á árinu voru 1.075 þús. kr. þar af var greiðsla vegna innri endurskoðunar 332 þúsund króna.
Greiðslur til Fjármálaeftirlitsins á árinu voru 1.349 þús. kr.
Greiðslur til tryggingarstærðfræðings á árinu voru 538 þús. kr.

# Skýringar

## 14. Ráðstöfun

| Bréfaflokkur | Kaup | Sala | Ráðstöfun |
|---|---|---|---|
| Innlend hlutdeildarskírteini | 100.000 | ( 35.000) | 65.000 |
| Samtals verðbréf með breytilegum tekjum | 100.000 | ( 35.000) | 65.000 |
| Ríkisbréf | 1.340.833 | ( 533.898) | 806.935 |
| Markaðsskuldabréf | 299.642 | ( 51.467) | 248.176 |
| Veðskuldabréf | 6.000 | 0 | 6.000 |
| Samtals verðbréf með föstum tekjum | 1.646.476 | ( 585.365) | 1.061.111 |
| Ráðstöfun í verðbréfakaup, samtals | 1.746.476 | ( 620.365) | 1.126.111 |

## 15. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verð á stöðu sjóðsins í árslok 2009 námu áfallnar skuldbinidingar 3.342,8 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 4.407,3 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir. Matið var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkanir sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

Tryggingfræðileg staða sjóðsins batnaði um 474,5 milljón króna á árinu.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærri en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra geta staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir:

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 7.377,9 | 0,0 | 7.377,9 |
| Núvirði verðbréfa | 831,9 | 0,0 | 831,9 |
| Fjárfestingarkostnaður | ( 76,3) | 0,0 | ( 76,3) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | | 586,9 | 586,9 |
| Eignir samtals | 8.133,5 | 586,9 | 8.720,4 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Ellilífeyrir | 8.886,1 | 1.309,6 | 10.195,7 |
| Örorkulífeyrir | 383,2 | 60,3 | 443,5 |
| Makalífeyrir | 2.014,2 | 240,6 | 2.254,8 |
| Barnalífeyrir | 3,4 | 4,0 | 7,4 |
| Rekstrarkostnaður | 189,4 | 36,9 | 226,3 |
| Skuldbindingar samtals | 11.476,3 | 1.651,4 | 13.127,7 |
| Skuldbindingar umfram eignir | ( 3.342,8) | ( 1.064,5) | ( 4.407,3) |
| Eignir sem hlutfall af skuldbindingum | 70,9% | 35,5% | 66,4% |
| Hrein eign umfram skuldbindingar | -29,1% | -64,5% | -33,6% |
| Skuldbindingar umfram eignir 1.1.2009 | ( 3.715,4) | ( 1.166,4) | ( 4.881,8) |
| Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2009 | ( 3.342,8) | ( 1.064,5) | ( 4.407,3) |
| Breyting á árinu | 372,6 | 101,9 | 474,5 |

# Kennitölur

| Skýring: | | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | | 12,04% | 15,71% | 10,12% | 14,51% | 14,60% |
| Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal | | 13,38% | 13,96% | 13,09% | 10,89% | 9,74% |
| Raunávöxtun | 1 | 3,13% | -0,56% | 4,02% | 7,06% | 10,04% |
| Raunávöxtun - 5 ára meðaltal | | 4,68% | 6,15% | 8,00% | 6,70% | 5,26% |
| Raunávöxtun - 10 ára meðaltal | | 4,31% | 4,93% | 6,24% | 6,48% | 5,76% |
| Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum | 2 | 0,19% | 0,22% | 0,27% | 0,15% | 0,22% |
| Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum | 2 | 0,13% | 0,08% | 0,10% | 0,05% | 0,04% |
| Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum | 2 | 0,32% | 0,30% | 0,37% | 0,20% | 0,26% |
| Samsetning eigna: | 3 | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | | 2% | 1% | 25% | 44% | 39% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | | 84% | 66% | 63% | 26% | 28% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | | 13% | 13% | 12% | 28% | 30% |
| Veðlán | | 1% | 1% | 1% | 3% | 3% |
| Aðrar eignir | | 0% | 19% | 0% | 0% | 0% |
| Skipting eigna eftir gjaldmiðlum: | 4 | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | | 100% | 99% | 85% | 82% | 85% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | | 0% | 1% | 15% | 18% | 15% |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | 5 | | | | | |
| Ellilífeyrir | | 77,5% | 77,4% | 75,3% | 74,8% | 73,2% |
| Örorkulífeyrir | | 4,4% | 4,9% | 5,9% | 6,5% | 6,8% |
| Makalífeyrir | | 18,0% | 17,6% | 18,6% | 18,4% | 19,5% |
| Barnalífeyrir | | 0,0% | 0,1% | 0,2% | 0,3% | 0,4% |
| Lífeyrisbyrði | 6 | 169,56% | 164,63% | 155,74% | 146,14% | 145,00% |
| Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu | | 8 | 8 | 8 | 6 | 6 |
| Virkir sjóðfélagar | | 166 | 171 | 185 | 203 | 216 |
| Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 7 | 173 | 191 | 202 | 219 | 241 |
| Fjöldi lífeyrisþega í lok tímabils | | 374 | 345 | 322 | 302 | 284 |
| Hækkun iðgjalda frá fyrra ári | | 10,11% | 6,20% | 12,25% | 10,75% | 8,00% |
| Hækkun lífeyrisútgjalda | | 13,40% | 12,36% | 19,62% | 11,91% | 13,49% |
| Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris | | 9,8% | 13,5% | 149,0% | 10,9% | 64,2% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | 8 | -33,6% | -37,9% | -36,2% | -69,2% | -67,5% |
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 9 | -29,1% | -33,6% | -31,1% | -70,3% | -68,6% |
| Starfsmannafjöldi | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hækkun vísitölu neysluverðs | | 8,63% | 16,36% | 5,86% | 6,95% | 4,14% |
| **Ávöxtun einstakra eignaflokka:** | | | | | | |
| *Nafnávöxtun:* | | | | | | |
| Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini | | -63,1% | -49,1% | -18,2% | 12,1% | 66,2% |
| Erlend hlutabréf | | 0,0% | 7,1% | 0,3% | 35,4% | 13,6% |
| Ríkisstryggð skuldabréf | | 12,3% | 21,2% | 10,7% | 11,4% | 8,3% |
| Önnur innlend skuldabréf | | 20,3% | 6,8% | 12,1% | 12,7% | 18,8% |
| Erlend skuldabréf | | 34,3% | -2,5% | 4,5% | 12,5% | 6,8% |
| Skammtímabréf | | 15,5% | 1,7% | 14,1% | 12,1% | 9,3% |
| *Raunávöxtun:* | | | | | | |
| Innlend hlutabréf | | -66,0% | -56,3% | -22,7% | 4,8% | 59,6% |
| Erlend hlutabréf | | -7,9% | -8,0% | -5,3% | 26,6% | 9,1% |
| Ríkisstryggð skuldabréf | | 3,4% | 4,2% | 4,6% | 4,1% | 4,0% |
| Önnur innlend skuldabréf | | 10,8% | -8,3% | 5,9% | 5,4% | 14,1% |
| Erlend skuldabréf | | 23,6% | -16,2% | -1,3% | 5,2% | 2,5% |
| Skammtímabréf | | 6,3% | -12,6% | 7,8% | 4,8% | 4,9% |

**Skýringar:**

1. Raunávöxtun á meðaltali hreinnar eignar m.v. vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla án tillits til gjaldeyrisvarna.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum
7. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
8. Heildareignir sjóðsins (eign í lok árs + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
9. Eignir í lok árs í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar í lok árs skv. tryggingafræðilegri úttekt.